



Fjölbrotaskóli Snæfellinga

## Fundargerð 52. fundar skólanefndar.

**Dagsetning: þriðjudagur 30. nóvember 2010.**

**Viðstaddir:** Kjartan Páll Einarsson (formaður)s, Jón Eggert Bragason, Pétur Ingi Guðmundsson, Sigríður Finsen, Magnús Þór Jónsson, Ólína Bj. Kristinsdóttir, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Skólameistari setti fund og bauð fundargesti velkomna.

1. **Fjárhagsáætlun 2011.** Skólameistari og fjármálastjóri hafa skilað af sér rekstraráætlun fyrir árið 2011. Áætlun 2010 var aldrei samþykkt en gert er ráð fyrir að árið 2010 komi út með rúmum tveggja milljóna króna halla. Fjárhagsáætlun 2011 byggir á rauntölum október 2010. Gert er ráð fyrir því að skila árinu 2011 með tæpum 4 milljóna króna afgangi. Rekstrarframlag hefur ekki borist reglulega árið 2010. Skólameistari sýndi einnig sex ára áætlun þar sem skólinn gerir ráð fyrir að greiða niður hallann á sex árum. Þessi sex ára áætlun er í raun viljayfirlýsing.
2. **Skólastarfið – Nemendur.** Skerpa þarf á reglum um áminningarferli í FSN.
3. **Framhaldsdeildin á Patreksfirði.** Úttekt á starfsemi er í gangi og verður skýrslan opinberuð 10. desember 2010. Skólameistari hefur fengið drög til yfirlstrar. Er það tilfinning skólameistara að verkefnið sé þung byrði fjárhagslega. Fjölbrotaskóli Snæfellinga þarf á nemendum að halda en það má ekki kosta umfram. Níu milljónir til þessa verkefnis eru áætlaðar á fjárlögum 2011. Stuðningsfulltrúi hefur sagt starfi sínu lausu, búið er að auglýsa en engar umsóknir hafa borist. Nemendum á Vestfjörðum mun fækka um 10 á vorönn 2011. Margvíslegar ástæður liggja að baki, einhverjir sækja um í aðra skóla, aðrir hætta og einhverjir eru að leita að húsnæði í Grundarfirði. Skólameistari mun halda foreldrafund á Patreksfirði í næstu viku.
4. **Skólaakstur.** Sendinefnd á vegum FSN og sveitarfélaganna sem standa að skólanum hittu ráðherra í september þar sem farið var fram á að jöfnunarstyrkur LÍN fari til skólanna en ekki nemendanna beint. Sveitarfélögin gáfu leyfi fyrir skammtímasamningi sem hefur verið endurnýjaður tvisvar sinnum en ekki útboði. Ríkiskaup hafa gert tilboð í útboðið upp á kr. 450.000,-
5. **Önnur mál –**
  - Útleigureglur. Fjármálastjóri kom með tillögu að breytingum á útleigureglum. Um er að ræða gjaldskrárhækkun á lágmarksgjaldi og klukkustundargjaldi. Einnig var komið inn á undanþágu á neyslu áfengis í hófi með sérstöku leyfi skólameistara og á það eingöngu við um léttar veitingar utan skólatíma. Fjármálastjóri mun lagfæra og senda fundarmönnum til staðfestingar.
  - Brotin rúða á gistiheimili.
  - Skólastarfið – Starfsmenn.
  - Líðan starfsmanna í niðurskurði.

Fundi slitið kl. 18:30.